

Raforkumálastjóri
Jarðhitadeild

SKÝRSLA VARÐANDI NEYZLUVATN FYRIR AKUREYRI

Eftir

Jón Jónsson

Júní 1966

Skýrsla varðandi neytluvatn fyrir Akureyri

Eftir Jón Jónsson

Þveráreyrar

Á undanförunum árum hefur verið unnið að því að athuga hvort ekki mætti fá neytluvatn fyrir Akureyri úr malarkeilu þeirri, sem myndast hefur af framburði Þverár. Hafa þær athuganir yfirleitt verið jákvæðar enda þótt malarlöggin, sem þar er um að ræða séu fremur þunn.

Veturinn 1965-66 skeði hins vegar það, að áin botnfraus um tíma, þannig að lítið eða ekkert vatn komst niður í eyrarnar og holur þar, sem þar voru þornuðu.

Af þessu er augljóst að ekki er hægt að treysta á vatnsból á þessum stað.

Þarf því að taka aðra möguleika til athugunar.

Eyjafjarðardalur

Nokkur von er um að ná megi vatni úr sjálfum dalnum sem Eyjafjarðará rennur um. Sú von er byggð á þeim hugmyndum, sem nú skal nánar greint frá.

Á ísöld, þegar íshetta var yfir öllu landi og dalurinn fjalla milli fullur af skriðjökli rann jökulá undir skriðjöklinum, en yfirborð sjávar var á ísöld mun lægra en nú. Ekki er að efast um að á þessi hefur borið með sér grjót, mál og sand, sem hlaðist hefur upp fyrir framan jökulröndina og væntanlega líka í ísgöngum þeim sem áin rann eftir. Þess má því vænta að á botni dalsins þ.e. næst ofan á berggrunninum geti verið auk jökulurðar malarlög og e.t.v. malarás frá þessum tíma. Í slíkum

myndunum er þess að vanta að sé vatn, sem ágætt er til neyzlu. Þegar ísa leysti af landinu hækkaði yfirborð sjávar og mynni árinna færðist smátt og smátt suður dalinn.

Þá lögðust finkornótt setlög, leir og finnsandur ofan á hinar eldri myndanir og heldur sú starfsemi áfram enn á vorum dögum.

Sé sú mynd, sem hér hefur verið dregin upp sönn og rétt eru möguleikar á að fá megi vatn hæft til neyzlu með því að bora í gegnum hin finkornóttu setlög og niður í grófari lög á botni dalsins. Á það má benda að víða í Svíþjóð er neyzluvatn unnið úr hliðstæðum myndunum þ.e. malarásam, sem að nokkru og sum staðar alveg eru huldur leirlögum.

Hins vegar er það staðreynd að ekki liggur ljóst fyrir hvar í dalnum er vænlegast að leita þessara myndana.

Tillögur

Af ofangreindu er ljóst að ekki er annars kostur en að leita að malar og sandlögum undir yfirborðslögnum í Kyjafjarðardal. Þetta verður að gera með borunum. Eg tel því ráðlegt að bora í fyrstu 3 holur í línu þvert yfir dalinn rétt norðan Austurlandsvegar og alveg niður í fast berg eða þar til komið er í sand og malarlög. Holur þessar hafa þegar verið staðsettar. Líka mætti reyna á nokkrum öðrum stöðum. Heppilegt er að byrja með eina holu í miðjum dal og taka svo eina til hvorrar hliðar við hana.

28. júní 1966

Jón Jónsson